

Malbikstöðin ehf.
Matthías Matthíasson
Flugumýri 26
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 5.9.2023
UST202301-359/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit í Malbikstöðinni ehf. Esjumelum, Reykjavík þann 22. júní 2023

Þann 22. júní fór fram eftirlit í Malbikstöðina Esjumelum, Reykjavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Grænt bókhald stöðvarinnar barst eftir tilskyldan tíma. Reglugerð um grænt bókhald, nr. 851/2002 kveður á um að grænu bókhaldi skuli skila fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald stöðvarinnar hefur nú borist (barst 30. maí sl.) og því er frávikinu lokað.

Einni ábendingu var komið á framfæri um að frágangi og fegrun lóðar Malbikstöðvarinnar þurfi að ljúka á haustmánuðum.

Eitt eldra frávik er enn opið en úrbótum vegna magns PAH efna í útblæstri er ekki lokið. Rekstraraðili hefur lofað tímasettri úrbótaáætlun fyrir 15. september nk.

Virðingarfyllst

Gottskálf Friðgeirsson

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur